

### 39. fundur í stjórn Jaðars, haldinn á Jaðri kl. 16:00 þann 30. september 2014

#### **Mætt:**

Ásbjörn Óttarsson

Karen Lind Ólafsdóttir

Pétur Steinar Jóhannsson

Inga J. Kristinsdóttir forstöðumaður

Ásbjörn bauð fundarmenn velkomna.

Hann byrjaði á að ræða að um útfærslu á 8. grein samþykkt Jaðars sem rædd var á síðasta fundi. Einnig sagði hann frá viðræðum sem hann átti við bæjarritara Snæfellsbæjar um útfærslu fjárhagsáætlunar heimilisins. Inga útbýtti því næst til nefndarmanna yfirliti um fjárhagsáætlun Jaðars fyrir árið 2015. Fór hún yfir helstu atriði hennar. Ræddi hún fyrst um ræfrænt sjúkraskráningakerfi sem hún kynnti á síðasta fundi nefndarinnar. Hún leggur mikla áherslu á að þetta kerfi verði tekið upp fyrir heimilið. Þá fór hún yfir ýmsa liði fjárhagsáætlunarinnar. Nefndin fór vel yfir áætlunina og eftir góðar umræður var samþykkt að mæla með samþykkt hennar til bæjarstjórnar.

Inga sagði frá uppsetningu á varmadælu á þessu ári til að lækka hitakostnað hússins en hann er talsverður en með henni er vonast til að hitakostnaðurinn lækki mikið.

Inga upplýsti að á biðlista eftir dvalarrými væru fjórir einstaklingar.

Inga sagði frá góðu starfi hins nýja sjúkrabjálfa sem er í hlutastarfi á heimilinu.

Umræður urðu um góðar gjafir sem heimilinu hafa borist á sl árum frá bæði einsaklingum og félagasamtökum og hvernig best væri að merkja þær viðkomandi gefendum. Í þessu sambandi var líka rætt um Svandísarsjóð.

Næsti fundur var ákveðin þriðjudaginn 4. nóvember nk kl 16:00.

Þess má geta að með þessari fundargerð var síðasta blaðsíða fundargerðarbókarinnar skráð en fyrsta fundargerð var skráð í hana 15. mars 1986.

#### ***Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00***

Ásbjörn Óttarsson

Karen Lind Ólafsdóttir

Pétur Steinar Jóhannsson

Inga J. Kristinsdóttir